



Aðgerðaráætlun Ármanns

-gegn einelti og annarra
óæskilegri hegðun

Inngangur

Aðgerðaráætlun þessi tekur til barna- og unlingastarfs ásamt starfsmanna/sjálfbóðaliðastarfs innan íþróttafélagsins Ármanns. Börn og unglingar teljast vera frá aldrinum 0 til 18 ára og starfsmenn eru allir þeir sem koma að starfi íþróttafélaganna.

Stefnuyfirlýsing Ármanns

Íþróttafélagið Ármann telur mjög mikilvægt að öllum líði vel og að sá grundvallarréttur, að fá að vera óáreittur, sé virtur. Ármann leggur áherslu á að stuðla að jákvæðum samskiptum þar sem hver og einn er ábyrgur fyrir orðum sínum og gjörðum. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og aðra óæskilega hegðun. Áhersla verður lögð á að þau mál sem koma upp verði leyst á farsælan hátt.

Skilgreining á einelti

Einelti er ójafn leikur þar sem einn aðili eða fleiri hafa ítrekað farið yfir persónuleg mörk annars aðila með líkamlegu, andlegu eða félagslegu ofbeldi eða félagslegri einangrun. Einelti getur þrífist alls staðar þar sem samskipti eiga sér stað án tillits til aldurs, fólks, vitsmunabroska, efnahags, stéttar, stöðu eða búsetu. Einelti getur birst með ýmsum hætti, t.d. að þolandi verður fyrir stöðugri stríðni á einn eða annan hátt, baktali, hann er gerður að aðhlátursefni, útskúfun og hæðst að honum með ýmsu móti.

Vísbendingar um að einelti sé í gangi

- Komið heim eftir íþróttæfingu með rifin föt eða rennandi blaut.
- Verið með sár, klór eða aðra líkamlega áverka sem erfitt er að úrskýra.
- Lent í því að persónulegar eigur sé skemmt.
- Hræðist að fara eitt á og af íþróttæfingu þar sem möguleiki er að lenda í einelti á leiðinni til og frá heimili.
- Leggur fyrr eða seinna af stað á íþróttæfinguna en venjulega.
- Mætir illa á æfingar
- Mætir oft seint á æfingar

Aðgerðaáætlun gegn einelti

Vinna gegn einelti miðar að því að bæta samskipti, koma í veg fyrir að samskipti þróist í einelti og bregðast við á skipulegan hátt ef einelti á sér stað.

Aðgerðaráætlun skiptist í tvo hluta, forvarnir og viðbragðsáætlun. Forvarnarhluta aðgerðaráætlunarinnar skal útfæra nánar í hverju aðildafélagi Ármanns. Aðgerðaráætlun skal endurskoða reglulega.

Forvarnir

Forvarnir eru mikilvægur hluti af aðgerðaráætlun eineltis. Því betur sem einstaklingar eru upplýstir því betur gengur að koma í veg fyrir og minnka einelti. Mikilvægt er að starf innan félagsins sé jákvætt, að iðkendum sé veitt jákvæð athygli og upplifun iðkenda sé jákvæð. Góð og náin samvinna milli þjálfara, starfsmanna og foreldra er grundvöllur þess að iðkendum líði vel í starfi félagsins. Fræðsla er mikilvægur liður í forvörn eineltis. Mikilvægt er að halda fræðslu fyrir iðkendur, foreldra þjálfara og starfsmenn félagsins. Æskilegt er halda fræðslu árlega svo að nýjir iðkendur, foreldrar, þjálfarar og starfsmenn geri sér grein fyrir því sem félagið leggur áherslu á.

Eftirfarandi eru þættir sem félagið leggur áherslu á sem forvörn eineltis:

- Góður og jákvæður íþróttandi
- Öflugt foreldrasamstarf
- Öflugt félagsstarf í hópum
- Kynning á aðgerðaráætlun gegn einelti fyrir nýja stjórnarmeðlimi
- Fræðsla fyrir iðkendur og foreldra þeirra
- Skilgreining á hlutverki fararstjóra í ferðum félaganna
- Fræðsla um einelti
- Sáttmálar gegn einelti
- Upplýsingar til grenndarsamfélagsins um einelti, s.s. skólans

Viðbragðsáætlun

Engin tvö eineltismál eru eins og því þarfnast þau mismunandi og mismikillar íhlutunar, þó skulu eftirfarandi hlutverk, boðleiðir og verklag/vinnuferli alltaf höfð til hliðsjónar

Hlutverk og boðleiðir:

1. Sá sem fær upplýsingar um einelti vísar því til stjórnar í því félagi sem barnið stundar íþróttir sínar. Stjórn tekur málið upp á fundi, skipar umsjónaraðila sem setur það í þann farveg sem við á. Sá farvegur skiptist í könnunarþrep, lausnaþrep og eftirfylgni.
2. Stjórn hvers aðildafélags ber ábyrgð á að skipuleggja forvarnir og framfylgja viðbragðsáætlun.
3. Foreldrar og stjórn aðilafélags geta leitað ráðgjafar hjá íþróttastjóra Ármanns ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan aðildafélags.

Viðbragðsteymi

Viðbragðsteymi sér um að aðlaga viðbragðsáætlun að allri starfsemi félagsins í samstafi við starfsmenn t.a.m, formenn, þjálfara og fulltrúa. Hlutverk viðbragðsteymsins er einnig að hlúa að starfsmönnum sínum og styðja það í viðbrögðum þess við atburðinn á vettvangi, huga að eftirfylgd og meta hvort þörf sé á utanaðkomandi aðstoð. Viðbragðsteymi hlúi einnig að starfsmönnum sjálfum og útvegi sérfræðinga ef með þarf. Í hverju íþróttafélagi skal vera starfandi viðbragðsteymi sem í sitja að minnsta kosti:

- Formaður/Framkvæmdarstjóri félagsins
- Íþróttafulltrúi/Íþróttastjóri
- Fulltrúi úr hverri deild innan félagsins

Listi yfir samstarfsaðila

Ármannt útbýr lista með nöfnum og símanúmerum þeirra samstarfsaðila sem æskilegt er að hafa samband við og upplýsa ef upp koma áföll innan félagsins. Listann ætti að yfirfara og uppfæra árlega svo auðvelt sé að nota hann ef til kemur. Til dæmis á þessum lista gætu verið aðilar frá:

- Sveitarfélagi
- Skólum
- Heilsugæslu
- Félagssamtökum

Leiðbeinandi verklag/vinnuferli fyrir eineltisteymi:

Tilkynning

Allar tilkynningar um einelti eru teknar alvarlega. Öllum er heimilt að tilkynna einelti. Það á við bæði foreldra, iðkenda, þjálfara og aðra er koma að málinu.

Fylla skal út tilkynningu á þar til gert eyðublað. Tilkynningu á að skila til íþróttastjóra Ármanns.

Tilvísandi skal fá ljósrit af tilkynningu **Íþróttastjóri afhendir hana formanni** þess félags sem um ræðir.

Skipuleg skráning málsmeðferðar hefst

- **Könnunarþrep:** Umsjónaraðili sem stjórn viðkomandi aðildafélags skipar aflar frekari gagna. Rætt er við málsaðila og foreldra þeirra, fyrst þann sem eineltið beinist að, síðan þann/þá sem taldir eru standa fyrir eineltinu. Umsjónaraðili ræðir við aðra aðila ef talin er þörf á til að varpa skýrara ljósi á málið.
- **Lausnarþrep:** Ákvörðun um lausnaleið er tekin á grundvelli niðurstaðna og í samráði við málsaðila og eru þeir upplýstir um niðurstöðuna í samráði við foreldra málsaðila. Málsaðilum er gert kunnugt að málinu verður fylgt eftir með fundi eigi síðar en 3 – 4 vikum eftir að málsmeðferð hefst.
- **Eftirfylgd:** Haft er samband við foreldra þolanda og geranda. Málinu er lokað ef viðtölin leiða í ljós að eineltið hefur verið upprætt.
- Ef agamálið/eineltið hefur ekki stöðvast eigi síður en 6-7 vikum eftir að málsmeðferð hófst er heimilt að vísa barninu eða ungmenninu tímabundið úr félaginu. Skal starfsmaður samstundis hafa samband við foreldra/forráðamenn og tilkynna þeim ákvörðunina. Það skal áréttað að brottvísun úr félaginu er neyðarúrræði. Komi til slíkrar brottvísunar má barnið ekki sækja viðburði á vegum félagsins meðan leitað er lausna á málunum

Lokaorð

Árman gerir allt í sínu valdi til að leysa mál sem þessi á farsælan hátt þannig að öllum líði vel í íþróttaiðkun sinni. Öll börn og unglingar eiga að fá að standa jafnfætis liðsfélögum sínum, óháð aldri, kyni, trú og þjóðerni.

Eyðublöð

Tilkynning – grunur um einelti



Iðkandi: _____

Íþróttagrein: _____ Dags: _____

Einelti er ójafn leikur þar sem einn aðili eða fleiri hafa ítrekað farið yfir persónuleg mörk annars aðila með líkamlegu, andlegu eða félagslegu ofbeldi eða félagslegri einangrun. Einelti getur þrífist alls staðar þar sem samskipti eiga sér stað án tillits til aldurs fólks, vitsmunaprofka, efnahags, stéttar, stöðu eða búsetu
Stutt lýsing s.s hvernig, hvar, hvenær, hve lengi.

Meintir gerendur / Tengsl við þolanda:

Tilkynnt af / tengsl við þolanda: _____

Móttakandi: _____

Undirskrift móttakanda



Könnunarþrep - áætlun

Iðkandi: _____

Íþróttagrein: _____ Dags: _____

- **Viðtöl við þolendur/gerendur**
- *Á hvaða hátt eiga atvikin sér stað (hvað er sagt og hvað er gert)*
- *Hvenær og hvar var seinasta tilfellið – nýlega?*
- *Hvar eiga atvikin sér stað (í klefum, á leiðinni á eða af æfingu...)?*
- *Hve oft (hverjum degi, annan hvern dag...einu sinni í viku)?*
- *Hve lengi hefur það staðið yfir?*
- *Er einhver foringi? Fylgja einhverjir með?*
- *Hvað hefur verið gert?*



Könnunarþrep – áætlun

Iðkandi: _____

Þróttagrein: _____ Dags: _____

- **Viðtöl við foreldra þolenda/gerenda**
- Ræða tilkynningu
- Hver er upplifun foreldra?
- Hefur svipuð staða komið upp áður? Hvar, hvernær, hvernig?

- **Viðtöl við málsaðila sem mögulega koma að málinu
(þjálfarar, iðkendur, foreldrar)**